



Jafnlaunastefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Það er stefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að allt starfsfólk fái greitt jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum forsendum.

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til að viðhafa jafna stöðu kynjanna að ómissandi hluta af ráðningarsambandinu og stjórnunarvenjum, þ.m.t. við ráðningar, starfsþjálfun, starfsþróun, starfaflutning, þátttöku í verkefnum og uppsögn.

Til stuðnings jafnlaunastefnu þessari mun LV uppfylla kröfur þær sem settar eru fram samkvæmt staðli ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks sjóðsins.

LV skuldbindur sig til að:

- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma, þ.m.t. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020
- Viðhalda vottað jafnlaunakerfi í samræmi við staðal ÍST 85:2012
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar
- Kynna starfsfólki niðurstöður launagreininga
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma reglubundnar innri úttektir á jafnlaunakerfinu
- Halda rýni stjórnenda árlega.
- Setja fram og viðhalda skjalfestum jafnlaunamarkmiðum
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Gera stefnuna aðgengilega almenningi

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi sjóðsins.